

ÞVERUN FJARÐA

Björn H. Barkarson

VSÓ Ráðgjöf

Ágrip

Tilgangur verkefnisins er:

- Að greina helstu umhverfisþætti sem þverun fjarða hefur áhrif á og mismunandi aðstæður sem hafa þarf í huga m.a. með hliðsjón af þeirri reynslu sem liggur fyrir hér á landi.
- Að greina hvaða lykilþætti má nota við mat á því hvort æskilegra er m.t.t. umhverfisáhrifa að þvera fjörð eða leggja veg fyrir fjörð.
- Að skoða stefnumótun og reynslu erlendis varðandi þverun fjarða.
- Að þróa viðmið út frá ofangreindu sem hjálpað geta til við stefnumótun og ákvarðanatöku um hvort horfa eigi til þverunar fjarða.

Skilgreina má þverun fjarðar sem vegaf framkvæmd sem þverar svæði innan fjarðar þar sem gætir sjávarfalla. Alls hafa verið þveraðir 11 firðir hér á landi síðan 1961.

Helstu rök fyrir þverun fjarðar er hagkvæmni þ.m.t. stytting vegalengda og aukið umferðaröryggi. Einnig geta aðstæður verið með þeim hætti að mjög erfitt getur verið að leggja veg fyrir fjörð, t.d. getur verið hætt á hrúni og/eða snjóflóðum.

Útfærsla þverana hér á landi byggist yfirleitt á vegfyllingum beggja vegna fjarðar og brúaropi á milli þeirra. Sjaldnast er því um það að ræða að byggðar séu brýr á stöplum. Jarðgöng eru einnig valkostur við þverun fjarða og eru Hvalfjarðargöng eina dæmið um slíka útfærslu hér á landi. Valkosturinn við þverun fjarðar er yfirleitt enduruppbygging núverandi vegar.

Rannsóknir hér á landi hafa sýnt fram á talsverð umhverfisáhrif af þverunum í Gilsfirði og Borgarfirði. Lítil áhrif virðast hafa orðið í Önunðarfirði og Dýrafirði á umhverfið.

Þveranir erlendis með vegfyllingum hafa haft áhrif á strauma, vatnsskipti og setflutninga. Á undanförunum árum hefur verið lögð aukin áhersla á að endurheimta virkni og samsetningu vistkerfa. Tiltæknir firðir geta notið sérstakrar verndar t.a.m. sem UNESCO svæði eins og í Noregi eða sem „National landscape“ t.d. í Skotlandi.

Reynsla og rannsóknir á áhrifum þverunar fjarða hér á landi bendir til þess að helstu umhverfisþættirnir sem kunna að verða fyrir áhrifum séu jarðmyndanir, landslag, lífríki lands og sjávar, og útivist og ferðamennska.

Jarðmyndanir geta orðið fyrir áhrifum vegna skeringa og efnistöku. Efnisþörf er mikil við þveranir, einkum þar sem sveifla sjávarfalla er mikil eins og í Breiðafirði. Efnisþörf getur haft afgerandi áhrif á hagkvæmni þverunar. Einnig þarf að vera aðgengilegt hentugt fyllingarefni og grjótvannir.

Landslag verður að sama skapi fyrir áhrifum vegna skeringa og fyllinga í hlíðum fjarða. Þverun fjarða brýtur upp landslagsheildina og fyrirbærið fjörð. Svæði eru mismikið snortin og hafa mismikið verndargildi m.t.t. landslags. Verndargildi óþveraðs fjarðar eykst eftir því sem fleiri eru þveraðir.

Lífríki á landi verður fyrir beinum áhrifum af raski vegna vegalagningar en einnig getur umferð og/eða framkvæmdir haft truflandi áhrif t.d. á fugla.

Áhrif þverunar á lífríki sjávar er hvað erfiðast að sjá fyrir. Með því að tryggja að sjávarföll haldist nánast óbreytt virðist vera hægt að takmarka áhrifin verulega t.d. á leirur, sem njóta sérstakrar verndar. Óumdeilt er að þverun hefur áhrif á strauma og öldur og þá hugsanlega á setflutninga, háð aðstæðum. Talsverð óvissa virðist vera til staðar um áhrif þessara breytinga á lífríki í sjó.

Útivist og ferðamennska getur orðið fyrir áhrifum. Yfirbragð innri hluta fjarða getur breyst flytjast umferð þaðan. Þverun getur hamlað sjóferðum.

Erfitt getur verið að finna vegstæði fyrir firði sem ekki raskar fornleifum. Þetta er þó háð aðstæðum og þéttleika minja.

Gerður verður gátlisti sem unnt er að nota við stefnumótun til að meta gildi fjarðar og hvort þverun geti talist fýsilegur kostur m.t.t. umhverfisáhrifa.

Með hliðsjón af þeim þverunarverkefnum sem framkvæmd hafa verið hér á landi og þeirri óvissu sem enn virðist ríkja um áhrif þeirra er ekki óeðlilegt að álykta að meiri áhersla ætti að vera á vöktun til þess að draga lærdóm af þeim framkvæmdum sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd.